# Föstudagur 24. nóvember



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Gosi.** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.20 **Antilópan snýr aftur.** (Return of the Antilope). Breskur myndaflokkur fyrir börn og unglinga. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (33).** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Austurbæingar.** (Eastenders). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Nætursigling.** (Nattsejlere). Fjórði þáttur. Norskur framhaldsmyndaflokkur í sex þáttum. Þýðandi Jón O. Edwald.
21.25 **Peter Strohm.** (Peter Strohm). Þýskur sakamálamyndaflokkur með Klaus Löwitsch í titilhlutverki. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
22.05 **Ástarkveðja frá Elvis.** (Touched by Love). Bandarísk bíómynd frá árinu 1980. Leikstjóri Gus Trikanis. Með aðalhlutverk fara Deborah Raffin, Diane Lane og Michael Learned. Myndin byggir á endurminningum Lenu Canada, en í þeim segir frá fatlaðri manneskju sem stóð í bréfaskriftum við stórstjörnuna Elvis Presley. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
23.40 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.30 **Í strákageri.** Where the Boys Are. Fjórar frískar stúlkur leggja leið sína til Flórída á vit ævintýranna. Aðalhlutverk: Lisa Hartman, Lorna Luft, Wendy Schaal og Howard McGillin.
17.00 **Santa Barbara.**
17.45 **Dvergurinn Davíð.** Teiknimynd sem gerð er eftir bókinni „Dvergar".
18.10 **Sumo-glíma.** Margt fróðlegt um Sumo-glímuna, keppni og viðtöl.
18.35 **Heiti potturinn.** On the Live Side. Djass, blús og rokktónlist.
19.19 **19:19.** Frétta- og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.30 **Evrópa 1992.** Fangbrögð eða falur frami? Umsjón: Jón Óttar Ragnarsson.
20.40 **Geimálfurinn** Alf. Aðalhlutverk: Alf, Max Wright, Anne Schedeen og Andrea Elson.
21.15 **Sokkabönd í stíl.** Tónlistarþáttur sem tekinn er upp meðal gesta í veitingahúsinu Hollywood. Umsjón Margrét Hrafnsdóttir.
21.50 **Þau hæfustu lifa.** The World of Survival. Í þessum þætti fylgjumst við með vísindamönnum rannsaka sérstakt hegðunarmynstur hvalategundar sem aðallega heldur til við vesturströnd Bandaríkjanna.
22.20 **Jane Mansfield** The Jane Mansfield Story. Þetta er sannsöguleg mynd sem fjallar um feril leikkonunnar Jane Mansfield. Aðalhlutverk: Loni Anderson og Arnold Schwarzenegger.
24.00 **Hinn stórbrotni** Le Magnifique. Það reynist Francois oft erfitt að koma með drög að nýrri bók og situr hann því við skriftir dag hvern. Einstaka sinnum tekur hann sér hvíld frá ritstörfum og horfir út um gluggann og fylgist með nágrannastúlkunni fögru sem hann dreymir um að tala við en hefur hingað til skort kjark til. Aðalhlutverk: Jean-Paul Belmondo, Jacqueline Bisset, Vittorio Caprioli og Monique Tarbes.
1.30 **Barnsránið.** Rockabye. Ung fráskilin kona er á leið til föður síns í Nýja Englandi ásamt tveggja ára syni sínum þegar drengnum er rænt í stórri verslanamiðstöð í New York. Aðalhlutverk: Valerie Bertinelli, Jason Alexander og Ray Baker. Bönnuð börnum.
3.05 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Sigurður Sigurðarson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** – Sólveig Thorarensen. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Pétur Gunnarsson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Pottaglamur gestakokksins.** Roland R. Assier frá Frakklandi eldar. Umsjón: Sigríður Pétursdóttir. (Einnig útvarpað kl. 15.45.)
9.20 **Morgunleikfimi.** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Að hafa áhrif.** Umsjón: Erna Indriðadóttir. (Frá Akureyri)
10.00 **Fréttir.**
10.03 **Þingfréttir.**
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Kíkt út um kýraugað.** Umsjón: Viðar Eggertsson.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti aðfaranótt mánudags.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá föstudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Pétur Gunnarsson flytur.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Dánarfregnir. Auglýsingar.
13.00 **Í dagsins önn** – Á sjötta degi. Umsjón: Óli Örn Andreassen.
13.30 **Miðdegissagan:** Turninn útá heimsenda eftir William Heinesen. Þorgeir Þorgeirsson les þýðingu sína (9.)
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags kl. 3.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Sjómannslíf.** Annar þáttur af átta um sjómenn í íslensku samfélagi. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi.)
15.45 **Pottaglamur gestakokksins.** Roland R. Assier frá Frakklandi eldar. Umsjón: Sigríður Pétursdóttir. (Endurtekinn þáttur frá morgni.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Létt grín og gaman. Meðal annars les Jakob S. Jónsson úr þýðingu sinni á framhaldssögunni Leifur, Narúa og Apúlúk eftir Jörn Riel. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Schumann, Mozart og Haydn.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað aðfaranótt mánudags kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Auglýsingar. Dánarfregnir.
18.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Auglýsingar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningu og listir líðandi stundar.
20.00 **Litli barnatíminn:** Ólánsmerki, smásaga eftir Líneyju Jóhannsdóttur. Sigríður Eyþórsdóttir les síðari hluta sögunnar.
20.15 **Gamlar glæður.**
21.00 **Kvöldvaka.** a. Strandsaga úr Meðallandi, frásöguþáttur eftir Jóhann Gunnar Ólafsson. Pétur Pétursson les. b. Ólafur Þ. Jónsson og Guðmundur Jónsson syngja íslensk lög. c. Lífs og liðnir, smásaga eftir Guðrúnu Jónsdóttur frá Prestbakka. Arnhildur Jónsdóttir les. d. Hagyrðingur í Hafnarfirði. Auðunn Bragi Sveinsson fer með stökur eftir Sigurunni Konráðsdóttur. Umsjón: Gunnar Stefánsson.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Kvöldskuggar.** Jónas Jónasson sér um þáttinn.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Ómur að utan.** Umsjón: Signý Pálsdóttir.
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið** – Úr myrkrinu, inn í ljósið. Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. – Morgun-
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir og Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. Neytendahorn kl. 10.03 og afmæliskveðjur kl. 10.30. Hvar er svo glatt . .. Jóna Ingibjörg Jónsdóttir spjallar um kynlíf. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03 og gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?.** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum.
14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Flosi Eiríksson kl. 15.03.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00 og stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Blítt og létt. . .** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög.
20.30 **Á djasstónleikum.** Söngvarar á Montrey djasshátíðinni: Clark Terry, Joe Williams, Carrie Smith og Betty Carter syngja. Kynnir er Vernharður Linnet.
21.30 **Fræðsluvarp:** Enska. Fimmti þáttur enskukennslunnar Í góðu lagi á vegum Málaskólans Mímis.
22.07 **Kaldur og klár.** Óskar Páll Sveinsson með allt það nýjasta og besta.
2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

### NÆTURÚTVARP

2.00 **Fréttir.**
2.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekið úrval frá þriðjudagskvöldi.)
3.00 **Blítt og létt. . .**
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Undir værðarvoð.** Ljúf lög undir morgun. Veðurfregnir kl. 4.30.
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Áfram Ísland.**
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Blágresið blíða.** Þáttur með bandarískri sveita- og þjóðlagatónlist, einkum bluegrass- og sveitarokk. Umsjón: Halldór Halldórsson. (Endurtekinn þáttur frá laugardegi á Rás 2.)
7.00 **Úr smiðjunni** – Brasilísk tónlist. Annar þáttur Ingva Þórs Kormákssonar endurtekinn frá laugardagskvöldi.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Sigursteinn Másson og Haraldur Kristjánsson.** Morgunmennirnir komnir á stjá. Helgin framundan og föstudagsumferðin. Spjallað við fólk og fylgst með.
9.00 **Páll Þorsteinsson.** Vinir og vandamenn kl. 9.30. Spjallað við hlustendur og leikin tónlist.
12.00 **Hádegisfréttir.**
12.15 **Valdís Gunnarsdóttir.** Trúlofunardagur á Bylgjunni.
15.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Helgin að skella á. Bjarni íhugar hvað sé að gerast. Kvöldfréttir kl. 18.00.
19.15 **Hafþór Freyr Sigmundsson** hitar upp fyrir kvöldið.
22.00 **Næturvaktin fyrir fólkið sem heima situr.** Haraldur Gíslason leikur allt sem þig langar til að vita.
2.00 **Freymóður T. Sigurðsson** á næturrölti.

Fréttir eru á klukkutímafresti frá 8–18.

## STJARNAN FM 102 & 104

7.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Líflegur morgunþáttur á Stjörnunni. Ungir Íslendingar í spjalli og leigubílaleikurinn á sínum stað kl. 7.30. Morgunþáttur fyrir ungt fólk.
11.00 **Snorri Sturluson.** Ný tónlist en þessi gömlu góðu heyrast líka. Hádegisverðarleikur Stjörnunnar og VIVA-STRÆTÓ kl. 11.30. Dregið í aukaleiknum.
15.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Mikið af nýrri tónlist. Útsalan á sínum stað kl. 16.00. Þú vinnur þér alltaf inn eitthvað hjá Sigga.
18.00 **Þátturinn ykkar.** Spjallþáttur á léttu nótunum þar sem tekin eru fyrir málefni líðandi stundar.
19.00 **Kristófer Helgason.** Kristó sér þér fyrir réttu helagartónlistinni og tekur á móti þínu símtali.
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.** Þorsteinn Högni er kominn í helgarskapið
24.00 **Björn Sigurðsson.** Bússi er með allt á hreinu.
3.00 **Arnar Albertsson.** Hann fer í ljós þrisvar í viku. . .

## ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **Kvennó.**
18.00 **MH.**
20.00 **FG.**
22.00 **MR.**
24.00 **Næturvakt í umsjón Kvennó.** Óskalög & kveðjur, sími 680288.
4.00 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Arnar Bjarnason.** Morgunhaninn á F.M. býður fyrirtækjum upp á brauð og kökur með kaffinu.
10.00 **Ívar Guðmundsson.** Nýtt og gamalt efni í bland við fróðleiksmola.
13.00 **Jóhann Jóhannsson.** Gæðapopp og óskalög ráða ríkjum.
16.00 **Sigurður Ragnarsson.** Hress, kátur og birtir upp skammdegið.
20.00 **Kiddi Bigfoot.** Tónlist og stíll sem á sér engar hliðstæður.
23.00 **Valgeir Vilhjálmsson.** Nýkominn úr keilu, hress og kátur.

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Hafnarfjörður í helgarbyrjun.** Fréttir, viðtöl og tónlist.

## FM 90,9 AÐALSTÖÐIN

7.00 **Jón Axel Ólafsson.** Morgunmaður Aðalstöðvarinnar. Fréttatengt efni og þægileg tónlist.
9.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Húsgangar og þægileg tónlist.
12.00 **Hádegisútvarp.**
13.00 **Gunnlaugur Helgason.** Þægileg tónlist í dagsins önn.
16.00 **Fréttir með Eiríki Jónssyni.**
18.00 **Íslensk tónlist** að hætti Aðalstöðvarinnar.
19.00 **Anna Björk Birkisdóttir.** Létt tónlist í helgarbyrjun.
22.00 **Rauðvín og ostar.** Gestgjafi Gunnlaugur Helgason.

## SKY One

5.30 **Viðskiptaþáttur.**
6.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
8.30 **Super Password.** Spurningaleikur
10.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
10.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
11.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
12.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
12.55 **General Hospital.**
13.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
14.45 **Loving.**
15.15 **Young Doctors.** Framhaldsþáttur.
15.45 **Teiknimyndir.**
16.00 **Poppþáttur.**
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.
18.30 **Sale of the Century.** Getraunaleikur.
19.00 **Black Sheep Squadron.** Spennuflokkur.
20.00 **Riptide.** Spennumyndaflokkur.
21.00 **Hunter.** Spennumyndaflokkur.
22.00 **All American Wrestling.**
22.00 **Fréttir.**
23.30 **The Deadly Earnes Horror Show.** Hryllingsþáttaröð.

## SKY MOVIES

14.00 **The Boy Who Loved Trolls.**
15.30 **Noah's Animals.**
16.00 **Mountain Family Robinson.**
18.00 **Eat My Dust.**
20.00 **Friendship In Vienna.**
22.00 **Porky's 2: The Next Day.**
23.45 **De Sade.**
01.45 **Brimstone and Treacle.**
04.00 **The Princess Bride.**

## EUROSPORT

9.00 **Motor Mobil Sport News.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
9.30 **Surfer Magazine.** Allt um brimbrettaíþróttina.
10.00 **Skíði.** Mót í Bandaríkjunum. Liður í heimsmeistarakeppninni.
11.30 **Snóker.** Rothmans International.
12.30 **Rall.** Kynning á mótum vetrarins.
13.00 **Tennis.** Ladies Masters. Frá Essen í Vestur-Þýskalandi.
17.00 **Borðtennis.** Landslið Stóra-Bretlands gegn Sovétríkjunum.
18.00 **Fimleikar.** Alþjóðleg keppni í Austur-Þýskalandi.
19.00 **Tennis.** Ladies Masters. Frá Essen í Vestur-Þýskalandi.
21.30 **Skíði.** Mót í Bandaríkjunum. Liður í heimsmeistarakeppninni.
22.30 **Snóker.** Rothmans International.
23.30 **Lyftingar.** Heimsmeistarakeppnin í París.

## SCREENSPORT

7.00 **Golf.** Inside The PGA.
7.30 **Wide World of Sports.**
8.30 **Ameríski fótboltinn.** Highlights.
9.30 **Kappakstur.** Lombard RAC rallið.
10.00 **Spánski fótboltinn.** Atletico Madrid–Barcelona.
11.45 **Hnefaleikar.** US professional Boxing.
13.15 **Fótbolti.** Argentínska deildin.
15.00 **Íþróttir í Frakklandi.**
15.30 **Kappakstur.** Lombard RAC rallið.
16.00 **Ameríski fótboltinn.** Highlights.
17.00 **Powersport International.**
18.00 **Rugby.** Franska deildin.
19.30 **Íshokkí.** Atvinnumannakeppni í Bandaríkjunum.
21.30 **Kappakstur.** Keppni í Atlanta í Georgíu.
23.30 **Rall.**
24.00 **Hnefaleikar.**



**Deborah Raffin leikur hjúkrunarkonuna Lenu Canada og Diane Lane hina fötluðu stúlku, Karen.**

## Sjónvarp kl. 22.05:

# Ástarkveðja frá Elvis

Ástarkveðja frá Elvis (Touched By Love) er hugljúf kvikmynd sem byggð er á sönnum atburðum. Er myndin gerð eftir endurminningum hjúkrunarkonunnar Lenu Canada en hún hjúkraði mikið fatlaðri stúlku, Karen. Þegar Canada kom til starfa á sjúkrahúsinu Brown House hreifst hún strax af Karenu sem auk þess að vera fötluð sagði aldrei aukatekið orð.

Canada tekur það upp hjá sér að þjálfa stúlkuna og loks eftir mikla þolinmæðisvinnu talar Karen. Eftir nokkurn tíma kemst Canada að því að hin fatlaða stúlka dáir Elvis Presley. Hún fær hana til að skrifa honum og viti menn, hann svarar, og er það byrjunin á innilegum vinskap sem fór fram í gegnum bréfaskriftir.

## Stöð 2 kl. 22.20:

# Jayne Mansfield

Jayne Mansfield þótti ekki mikil leikkona meðan hún var og hét enda voru það ekki hæfileikarnir sem gerðu hana fræga heldur líkami hennar og útlit. Hún var, þegar vegur hennar var sem mestur, ókrýnd drottning kynbomba í Hollywood og naut í ríkum mæli þeirra áhrifa sem hún hafði á karlmenn.

Ferill hennar sem kvikmyndaleikkonu var stuttur og ekki merkilegur. Lífslogi hennar brann fljótt og hratt og álagið, sem því fylgdi að vera kynbomba, leiddi hana út í drykkju og pilluát. Hún endaði líf sitt í bílslysi.

Það er Loni Anderson sem leikur Jayne Mansfield og Arnold Schwarzenegger leikur eiginmann hennar, vaxtarræktarkappann Mickey Hargitay.



**Arnold Schwarzenegger og Loni Anderson leika aðalhlutverkin í The Jayne Mansfield Story.**

Loni Anderson er þekkt sjónvarpsleikkona, fögur og glæsileg, en er sjálfsagt aðallega þekkt hér fyrir að vera eiginkona Burts Reynolds. The Jayne Mansfield Story er gerð 1980 þegar Schwarzenegger var að byrja feril sinn í kvikmyndum. -HK



**Jean-Paul Belmondo leikur rithöfundinn og sögupersónu hans í myndinni Hinn stórbrotni.**

## Stöð 2 kl. 24.00:

# Hinn stórbrotni

Jean Paul Belmondo leikur aðalhlutverkið í myndinni Hinn stórfenglegi (Le Magnifique) sem Philippe de Broca leikstýrir. Belmondo og de Broca hafa starfað saman í nokkrum myndum með góðum árangri. Hefur Belmondo yfirleitt leikið djarfan ævintýrmann í myndunum og svo er einnig nú. Leikur hann rithöfundinn Francois Merlin sem semur ævintýrasögur og samkvæmt samningi verður hann að skrifa eina bók mánaðarlega um hetjuna Bob Saint-Clair og gerir því lítið annað en að sitja við skriftir langt fram á nótt á hverjum degi.

Þegar rithöfundurinn sér út um glugga sinn stúlku sem hann verður hrifinn af er hann ekki lengi að koma henni í nýjustu bók sína og er hann að sjálfsögðu hetjan en í raunveruleikanum veldur það honum vonbrigðum að stúlkan virðist aðeins hrifin af sögupersónunni, ekki honum. Hann ákveður því að sverta sögupersónu sína í síðustu bókinni.